

varðandi rekstur gistihúss við flugvöllinn í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að freista að fá vel hæfan gistihússtjóra til að starfrækja gistihúsið á flugvelli Reykjavíkur, undir eftirliti forstöðumanns Ferðaskrifstofu ríkisins, með þeim hætti, að samstarf takist með ríkinu, Reykjavíkurbæ og Eimskipafélagi Íslands um að útvega sameiginlega lán til rekstrar gistihússins og greiða, eftir því sem við má koma, fyrir því, að þessum gististað verði ekki lokað sökum ónógrar aðhlyningar frá hálfu mannfélagsins.

Greinargerð.

Hér á landi eru ekki nema tvö vel útbúin gistihús, sem starfa allt árið: Hótel Borg og Hótel Kea. Þessi fyrirtæki eru stofnsett af tveim áhugamönnum frá Akureyri: Jóhannesi Jósefssyni og Vilhjálmí Þór. Atvinnuvegurinn er nauðsynlegur, en ekki arðvænlegur. Þess vegna hafa efnamenn síðustu ára hvergi á landinu og jafnvel ekki í höfuðstaðnum lagt út í að byggja og starfrækja gistihús. Hótel Borg var tapfyrirtæki frá 1931—40 og gerir ekki betur en að standa undir sköttum og viðhaldi síðan stríðinu lauk. Hótel Kea mun ekki vera bókfært með herra verði en myndarleg tveggja íbúða hús í Reykjavík. Samt er þar ekki um gróða að ræða, en fyrirtækið er til sóma Kaupfélagi Eyfirðinga og Akureyri. Áhugamenn í Reykjavík fundu, hve mikil þörf var á að bæta úr ónógum gistihúsakosti í bænum. Þess vegna var með umfangsmikilli löggjöf undirbúið, að ríkið, bærinn og Eimskip stofnsettu vandað gistihús í Reykjavík, og skyldi hver af þessum aðilum leggja fram allt að 5 millj. kr. Með lögum var tryggt, að fyrirtækið mátti velja úr lóðum í bænum. En þegar lokið var þessum viðbúnaði, var kreppan komin, og af mörgum ástæðum er sýnilegt, að þessi stórbygging verður ekki reist í brád. En þörfin fyrir bráðabirgðaúrræði a. m. k. var meira knýjandi, þar sem byggingu stóra gistihússins var frestað.

Á flugvöllinum við Nauthólsvík er gistihús, sem Bretar reistu á stríðsárunum handa foringjum sínum og góðum gestum. Þetta gistihús fékk Ísland að gjöf með flugvöllinum. Þar eru svefnherbergi fyrir allt að hundrað gesta, rúmmiklir borðsalir, setustofur, lestrarherbergi, eldhús, frystiklefar og húsbúnaður, ýmist góður eða sæmilegur. Strætisvagnar ganga úr bænum að þessu gistihúsi á hálf tímafresti. Þegar Áki Jakobsson tók við flugvöllinum, lét hann bæta húsakynnin nokkuð og hefja þar ríkisrekstur, en nokkru eftir stjórnarskiptin var hallinn á þeirri útgerð, með umbótum á húsunum, orðinn 400 þús. kr. Lét ríkisstjórnin þá ungan og efnilegan veitingamann fá húsið til rekstrar. Hefur sá maður staðið vel í stöðu sinni, en skortir rekstrarfé, og liggur við borð, að hann muni verða að hætta, og er þá sennilegt, að húsinu verði lokað til fulls, nema ef sett yrði þar á stofn áfengisútsala, en það mun tæplega þykja við eigandi. Höfuðstaðinn vantar gistihús. Þúsundir gesta, sem koma til bæjarins, verða að þrengja sér inn í íbúðir vina og hálfkunníngja til að fá þak yfir höfuðið. Það er talað um að reisa með stuðningi skattþegnanna gistihús fyrir 15 milljónir. Þessi ákvörðun var byggð á réttmætri þörf, en vegna fjárhagserfiðleika líða ár og dagar, án þess að bærinn fái þessa úrbót. Hve vel, sem nýja hótelið hefði verið starfrækt, mundi hafa þurft í byrjun að afskrifa að minnsta kosti 10 milljónir af stofnkostnaðinum, því að gistihúsrekstur er nauðsynlegur, en ekki févænlegur á Íslandi.

Ef til þess kemur, að leggja verði niður og rífa 100 manna gististað í útjaðri Reykjavíkur, hús með þeim útbúnaði til gestamóttöku, sem hefur um ára skeið þótt fullboðlegur frægustu forustumönnum helztu menningarþjóðanna, þá er slíkt háttalag vottur um óskemmtilegt úrræða- og manndómsleysi. Hér þarf að sýna nokkra rögg, og böndin berast í þeim efnum að þeim þrem aðilum, sem sáu, að hér þarf að gera myndarlegt átak. Ríkið, bærinn og Eimskip ættu að standa saman um að hlynna að vel færur manni til að starfrækja þetta flugvallargistihús, meðan það er nothæft og þess þörf. Tilvonandi eigendur stóra gistihússins gætu með þessari ódýru tilraun fengið margháttaða reynslu, sem komið getur að gagni við stærri og fjárfrekari framkvæmdir.

Í Svíþjóð og fleiri menntalöndum eiga borgir og bæjarfélög mjög oft vönduð gistihús, en leigja þau kunnáttumönnum til starfrækslu. Bæir og borgir víðurkenna með þessu skyldu sína gagnvart gestum, sem þangað sækja. Hins vegar hefur fleirum en Áka Jakobssyni orðið hált á að þjóðnýta gistihúsastarfsemina. Hér er bent á áhættulitla leið til að leysa málið. Þeir aðilar, sem vildu hætta á að taka margar milljónir að láni til að bæta úr gistihúsleysi Reykjavíkur, fá hér heppilegt tækifæri til að vinna gagn landi og þjóð með því að ráða vel fram úr málinu. Bærinn hefur góða aðstöðu til að létta fyrir þessum rekstri með því að láta gistihúsinu í té mjög ódýrt hitaveituvatn um vor og sumartímann og að láta ókeypis afgangsvatn að sumarlagi renna í Nauthólsvíkina. Þúsundir Reykvíkinga geta þá haft þar sjóbaðstað, sem er yljaður með þeirra eigin hitaveituvatni.